

FILIPPÍBRÉFIÐ

1

2

3

4

KAFLA 1

Páll og Tímóteus, þjónar Krists Jesú, heilsa öllum heilögum í Filippí, sem eru í Kristi Jesú, ásamt biskupum þeirra og djáknum.

² Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi.

³ Ég þakka Guði mínum í hvert skipti, sem ég hugsa til yðar,

⁴ og gjöri ávallt í öllum bænum mínum með gleði bæn fyrir yður öllum,

⁵ vegna samfélags yðar um fagnaðarerindið frá hinum fyrsta degi til þessa.

⁶ Og ég fulltreysti einmitt því, að hann, sem byrjaði í yður góða verkið, muni fullkomna það allt til dags Jesú Krists.

⁷ Víst er það rétt fyrir mig að bera þennan hug til yðar allra. Ég hef yður í hjarta mínu, og þér eigið allir hlutdeild með mér í náðinni, bæði í fjötrum mínum og þegar ég er að verja fagnaðarerindið og staðfesta það.

⁸ Guð er mér þess vitni, hvernig ég þrái yður alla með ástúð Krists Jesú.

⁹ Og þetta bið ég um, að elska yðar aukist enn þá meir og meir að þekkingu og allri dómgreind,

¹⁰ svo að þér getið metið þá hluti rétt, sem máli skipta, og séuð hreinir og ámælislausir til dags Krists,

¹¹ auðugir að réttlætis ávexti þeim, er fæst fyrir Jesú Krist til dýrðar og lofs Guði.

¹² En ég vil, bræður, að þér vitið, að það, sem fram við mig hefur komið, hefur í raun orðið fagnaðarerindinu til eflingar.

¹³ Því að það er augljóst orðið í allri lífvarðarhöllinni og fyrir öllum öðrum, að ég er í fjötrum vegna Krists,

¹⁴ og flestir af bræðrunum hafa öðlast meira traust á Drottni við fjötra mína og fengið meiri djörfung til að tala orð Guðs óttalaust.

¹⁵ Sumir prédika að sönnu Krist af öfund og þrætugirni, en sumir gjöra það líka af góðum hug.

¹⁶ Þeir gjöra það af kærleika, vegna þess að þeir vita, að ég er settur fagnaðarerindinu til varnar.

¹⁷ Hinir prédika Krist af eigingirni og ekki af hreinum hug, heldur í þeim tilgangi að bæta þrengingu ofan á fjötra mína.

¹⁸ En hvað um það! Kristur er allt að einu boðaður, hvort sem það heldur er af uppgerð eða heilum hug. Og þetta gleður mig. Já, það mun áfram gleðja mig.

¹⁹ Því að ég veit, að þetta verður mér til frelsunar fyrir bænir yðar og hjálpina, sem andi Jesú Krists veitir mér.

- ²⁰ Og það er einlæg löngun mín og von, að ég í engu megi til skammar verða, heldur að Kristur megi í allra augum, nú eins og ávallt, vegsamlegur verða í mér, hvort sem það verður með lífi mínu eða dauða.
- ²¹ Því að lífið er mér Kristur og dauðinn ávinningur.
- ²² En eigi ég áfram að lifa á jörðinni, þá verður meiri árangur af starfi mínu. Veit ég eigi hvort ég á heldur að kjósa.
- ²³ Ég á úr tvennu vöndu að ráða: Mig langar til að fara héðan og vera með Kristi, því að það væri miklu betra.
- ²⁴ En yðar vegna er það nauðsynlegra, að ég haldi áfram að lifa hér á jörðu.
- ²⁵ Og í trausti þess veit ég, að ég mun lifa og halda áfram að vera hjá yður öllum, yður til framfara og gleði í trúnni.
- ²⁶ Þegar ég kem aftur til yðar, getið þér vegna mín enn framar hrósað yður í Kristi Jesú.
- ²⁷ En hvað sem öðru líður, þá hegðið yður eins og samboðið er fagnaðarerindinu um Krist. Hvort sem ég kem og heimsæki yður eða ég er fjarverandi, skal ég fá að heyra um yður, að þér standið stöðugir í einum anda og berjist saman með einni sál fyrir trúnni á fagnaðarerindið
- ²⁸ og látið í engu skelfast af mótstöðumönnunum. Fyrir þá er það merki frá Guði um glötun þeirra, en um hjálpræði yðar.
- ²⁹ Því að yður er veitt sú náð fyrir Krists sakir, ekki einungis að trúa á hann, heldur og að þola þjáningar hans vegna.
- ³⁰ Nú eigið þér í sömu baráttu sem þér sáuð mig heyja og heyrið enn um mig.

KAFLA 2

Ef nokkurs má sín upphvatning í nafni Krists, ef kærleiksávarp, ef samfélag andans, ef ástúð og meðaumkun má sín nokkurs,

- ² þá gjörið gleði mína fullkomna með því að vera samhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál.
- ³ Gjörðið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið líttillátir og metið aðra meira en sjálfa yður.
- ⁴ Lítið ekki aðeins á eigin hag, heldur einnig annarra.
- ⁵ Verið með sama hugarfari sem Jesús Kristur var.
- ⁶ Hann var í Guðs mynd. En hann fór ekki með það sem feng sinn að vera Guði líkur.
- ⁷ Hann svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur.
- ⁸ Hann kom fram sem maður, lægði sjálfan sig og varð hlýðinn allt til dauða, já, dauðans á krossi.
- ⁹ Fyrir því hefur og Guð hátt upp hafið hann og gefið honum nafnið, sem hverju nafni er æðra,
- ¹⁰ til þess að fyrir nafni Jesú skuli hvert kné beygja sig á himni, jörðu og undir jörðu
- ¹¹ og sérhver tunga játa Guði föður til dýrðar: Jesús Kristur er Drottinn.
- ¹² Þess vegna, mínir elskuðu, þér sem ætíð hafið verið hlýðnir, vinnið nú að sálhjálp yðar með ugg og ótta eins og þegar ég var hjá yður, því fremur nú, þegar ég er fjarri.
- ¹³ Því að það er Guð, sem verkar í yður bæði að vilja og framkvæma sér til velpóknunar.
- ¹⁴ Gjörðið allt án þess að mögla og hika,
- ¹⁵ til þess að þér verðið óaðfinnanlegir og hreinir, flekklaus Guðs börn meðal rangsnúinnar

og gjörspilltrar kynslóðar. Þér skínið hjá þeim eins og ljós í heiminum.

¹⁶ Haldið fast við orð lífsins, mér til hróss á degi Krists. Þá hef ég ekki hlaupið til einskis né erfiðað til ónýtis.

¹⁷ Og enda þótt blóði mínu verði úthellt við fórnarþjónustu mína, þegar ég ber trú yðar fram fyrir Guð, þá gleðst ég og samgleðst yður öllum.

¹⁸ Af hinu sama skuluð þér einnig gleðjast og samgleðjast mér.

¹⁹ En ég hef þá von til Drottins Jesú, að ég muni bráðum geta sent Tímóteus til yðar, til þess að mér verði einnig hughægra, þá er ég fæ að vita um hagi yðar.

²⁰ Ég hef engan honum líkan, sem lætur sér eins einlæglega annt um hagi yðar. -

²¹ Allir leita þess, sem sjálfra þeirra er, en ekki þess, sem Krists Jesú er. -

²² En þér vitið, hvernig hann hefur reynst, að hann hefur þjónað að boðun fagnaðarerindisins með mér eins og barn með föður sínum.

²³ Hann vona ég þá að geta sent, jafnskjótt og ég sé, hvað um mig verður.

²⁴ En ég ber það traust til Drottins, að ég muni og bráðum koma sjálfur.

²⁵ Ég taldi það og nauðsynlegt að senda til yðar Epafrodítus, bróður minn, samverkamann og samherja, en sendimann yðar og erindreka í því að bæta úr þörf minni.

²⁶ Hann hefur þráð yður alla og liðið illa út af því, að þér höfðuð heyrt, að hann hefði orðið sjúkur.

²⁷ Því sjúkur varð hann, að dauða kominn, en Guð miskunnaði honum og ekki einungis honum, heldur og mér, til þess að ég skyldi eigi hafa hryggð á hryggð ofan.

²⁸ Fyrir því læt ég mér enn annara um að senda hann heim, til þess að þér verðið aftur glaðir, er þér sjáið hann, og mér verði hughægra.

²⁹ Takið því á móti honum í nafni Drottins með öllum fögnuði, og hafið slíka menn í heiðri.

³⁰ Hann var að vinna fyrir Krist. Þess vegna var hann að dauða kominn. Hann lagði líf sitt í hættu til þess að bæta upp það, sem brast á hjálp yðar mér til handa.

KAFLA 3

Að endingu, bræður mínir, verið glaðir í Drottni. Ég tel ekki eftir mér að endurtaka það, sem ég hef skrifað, en yður er það til öryggis.

² Gefið gætur að hundunum, gefið gætur að hinum vondu verkamönnum, gefið gætur að hinum sundurskornu.

³ Vér erum hinir umskornu, vér sem dýrkum Guð í anda hans og miklumst af Kristi Jesú og treystum ekki ytri yfirburðum,

⁴ jafnvel þótt ég hafi einnig þá ytri yfirburði, sem ég gæti treyst. Ef einhver annar þykist geta treyst ytri yfirburðum, þá get ég það fremur.

⁵ Ég var umskorinn á áttunda degi, af kyni Ísraels, ættkvísl Benjamíns, Hebrei af Hebreum, farísei í afstöðunni til lögmálsins,

⁶ svo ákafur, að ég ofsótti kirkjuna. Ef litið er á réttlætið, sem fæst með lögmálinu, var ég vammlaus.

⁷ En það, sem var mér ávinningur, met ég nú vera tjón sakir Krists.

⁸ Já, meira að segja met ég allt vera tjón hjá þeim yfirburðum að þekkja Krist Jesú, Drottin minn. Sakir hans hef ég misst allt og met það sem sorp, til þess að ég geti áunnið Krist

⁹ og reynst vera í honum. Nú á ég ekki eigið réttlæti, það er fæst af lögmáli, heldur það er fæst fyrir trú á Krist, réttlætið frá Guði með trúnni. -

- ¹⁰ Ég vil þekkja Krist og kraft upprisú hans og samfélag písla hans með því að mótast eftir honum í dauða hans.
- ¹¹ Mætti mér auðnast að ná til upprisunnar frá dauðum.
- ¹² Ekki er svo, að ég hafi þegar náð því eða sé þegar fullkominn. En ég keppi eftir því, ef ég skyldi geta höndlað það, með því að ég er höndlaður af Kristi Jesú.
- ¹³ Bræður, ekki tel ég sjálfan mig enn hafa höndlað það.
- ¹⁴ En eitt gjöri ég. Ég gleymi því, sem að baki er, en seilist eftir því, sem framundan er, og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna á himnum, sem Guð hefur kallað oss til fyrir Krist Jesú.
- ¹⁵ Þetta hugarfar skulum vér því allir hafa, sem fullkomnir erum. Og ef þér hugsið í nokkru öðruvísi, þá mun Guð einnig opinbera yður þetta.
- ¹⁶ Fyrir alla muni skulum vér ganga þá götu, sem vér höfum komist á.
- ¹⁷ Bræður, breytið allir eftir mér og festið sjónir yðar á þeim, sem breyta eftir þeirri fyrirmynd, er vér höfum yður gefið.
- ¹⁸ Margir breyta, - ég hef oft sagt yður það og nú segi ég það jafnvel grátandi -, eins og óvinir kross Krists.
- ¹⁹ Afdrif þeirra eru glötun. Guð þeirra er maginn, þeim þykir sómi að skömminni og þeir hafa hugann á jarðneskum munum.
- ²⁰ En föðurland vort er á himni og frá himni væntum vér frelsarans, Drottins Jesú Krists.
- ²¹ Hann mun breyta veikum og forgengilegum líkama vorum og gjöra hann líkan dýrðarlíkama sínum. Því hann hefur kraftinn til að leggja allt undir sig.

KAFLA 4

Þess vegna, mínir elskuðu og þráðu bræður, gleði mín og kóróna, standið þá stöðugir í Drottni, þér elskuðu.

- ² Evodíu áminni ég og Sýntýke áminni ég um að vera samlyndar vegna Drottins.
- ³ Já, ég bið einnig þig, trúlyndi samþjónn, hjálpa þú þeim, því að þær börðust með mér við boðun fagnaðarerindisins, ásamt Klemens og öðrum samverkamönnum mínum, og standa nöfn þeirra í lífsins bók.
- ⁴ Verið ávallt glaðir í Drottni. Ég segi aftur: Verið glaðir.
- ⁵ Ljúflyndi yðar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd.
- ⁶ Verið ekki hugsjúkir um neitt, heldur gjörið í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð.
- ⁷ Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu yðar og hugsanir yðar í Kristi Jesú.
- ⁸ Að endingu, bræður, allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dyggð og hvað sem er lofsvert, hugfestið það.
- ⁹ Þetta, sem þér hafið bæði lært og numið, heyrt og séð til mín, það skuluð þér gjöra. Og Guð friðarins mun vera með yður.
- ¹⁰ Ég varð mjög glaður í Drottni yfir því, að hagar yðar hefur loks batnað svo aftur, að þér gátuð hugsað til mín. Að sönnu hafið þér hugsað til mín, en gátuð ekki sýnt það.
- ¹¹ Ekki segi ég þetta vegna þess, að ég hafi liðið skort, því að ég hef lært að láta mér nægja það, sem fyrir hendi er.
- ¹² Ég kann að búa við lítinn kost, ég kann einnig að hafa allsnægtir. Ég er fullreindur orðinn í öllum hlutum, að vera mettur og hungraður, að hafa allsnægtir og líða skort.

- 13** Allt megna ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir.
- 14** Engu að síður gjörðuð þér vel í því, að taka þátt með mér í þrengingu minni.
- 15** Þér vitið og, Filippímenn, að þegar ég í upphafi boðaði yður fagnaðarerindið og var farinn burt úr Makedóníu, hafði enginn söfnuður nema þér einir reikning hjá mér yfir gefið og þegið.
- 16** Meira að segja, þegar ég var í Þessaloníku, senduð þér mér oftar en einu sinni til nauðsynja minna.
- 17** Ekki að mér væri svo umhugað um gjöfina sem um ábata þann, sem ríkulega rennur í yðar reikning.
- 18** En nú hef ég fengið allt og hef meira en nóg síðan ég af hendi Epafrodítusar tók við sendingunni frá yður, þægilegum ilm, þekkri fórn, Guði velþóknanlegri.
- 19** En Guð minn mun af auðlegð dýrðar sinnar í Kristi Jesú uppfylla sérhverja þörf yðar.
- 20** Guði og föður vorum sé dýrðin um aldir alda. Amen.
- 21** Heilsað öllum heilögum í Kristi Jesú.
- 22** Bræðurnir, sem hjá mér eru, biðja að heilsa yður. Allir hinir heilögu biðja að heilsa yður, en einkanlega þeir, sem eru í þjónustu keisarans.
- 23** Náðin Drottins Jesú Krists sé með anda yðar.

For other languages please go to **www.wordproject.org**